Service Spaces of Low Fire Risk	(5) A-15	A-0	A-0	A-0	*	A-60	A-0	A-0	A-0	*
Machinery Spaces of Category A	(6) A-60	A-60	A-60	A-60	A-60	*	A-60	A-30	A-60	*
Other Machinery Spaces	(7) A-15	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	*	A-0	A-0	*
Cargo Spaces	(8) A-60	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	*	A-0	*
Service Spaces of High Fire Risk	(9) A-60	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0 ^{d)}	*
Open Decks	(10)	*	*	*	*	*	*	*	*	—

Athugasemdir: Gilda fyrir töflu 1 og 2, eftir því sem við á.

a) Engin sérstök ákvæði gilda um þessi þil í eldvarnaraðferðum II F og III F.

b) Ef aðferð III F er notuð, skal hafa þil í „B“ flokki og af eldtraustleika „B-0“ milli rúma eða hópa af rúmunum, sem eru 50 fermetrar að flatarmáli eða stærri.

Notes: To be applied to both Tables 1 and 2, as appropriate.

a) No special requirements are imposed upon these bulkheads in Methods IIF and IIIF fire protection.

b) In case of Method IIIF “B” Class bulkheads of “B-O” rating shall be provided between spaces or groups of spaces of 50 square metres and over in area.

viii) **Farmrúm (8)**

Öll rúm fyrir farm, þar með taldir farmolíu-geymar og göng og lúgur að slíkum rúmunum.

ix) **Þjónusturúm, þar sem er mikil eldhætta (9)**

Eldhús, matarbúr þar sem í eru eldunar-tæki, málningargeymslur, lampageymslur, skápar og geymslur 2 fermetrar eða stærri að flatarmáli og verkstæði, önnur en þau, sem eru hluti vélarúmana.

x) **Opin þilför (10)**

Svæði á opnum þilförum og rúm á lokuðum göngum, fiskvinnslurúm fyrir ferskan fisk, fiskþvottarúm og svipuð rúm, þar sem engin eldhætta er.

Loftrými utan yfirbygginga og þilfarshúsa.

Heiti hvers flokks er ætlað að vera dæmigert, en ekki takmarkandi. Talan innan sviga á eftir hverjum flokki vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.

(3) Samfelld loft eða klæðningar í „B“ flokki, í samhengi við viðeigandi þilför eða þil, má viðurkenna sem meðvirkandi, að fullu eða að hluta til, í þeirri einangrun og þeim eldtraustleika skilrúms, sem krafist er.

(4) Gluggar og hágluggar í vélarúmunum skulu vera sem hér segir:

a) Ef hágluggar eru opnanlegir, skal vera unnt að loka þeim utan frá. Hágluggar með glerrúðum

(viii) **Cargo Spaces (8)**

All spaces used for cargo, including cargo oil tanks, and trunkways and hatchways to such spaces.

(ix) **Service Spaces of High Fire Risk (9)**

Galleys, pantries containing cooking appliances, paint rooms, lamp rooms, lockers and store-rooms having areas of 2 square metres or more, and workshops other than those forming part of the machinery spaces.

(x) **Open Decks (10)**

Open deck spaces and enclosed promenades, spaces for processing fish in the raw state, fish washing spaces and similar spaces containing no fire risk.

The air spaces outside superstructures and deckhouses.

The title of each category is intended to be typical rather than restrictive. The number in parenthesis following each category refers to the applicable column or row in the Tables.

(3) Continuous “B” Class ceilings or linings, in association with the relevant decks or bulkheads, may be accepted as contributing, wholly or in part, to the required insulation and integrity of a division.

(4) Windows and skylights to machinery spaces shall be as follows:

(a) where skylights can be opened they shall be capable of being closed from outside the space.

c) Til skýringar á því, hvort á við, sjá 65. og 66. reglu.

d) Ef rúm eru í sama töluflokki og merktur er tilvísuninni d) þarf aðeins að hafa þil eða þilfar af þeim eldtraustleika, sem krafist er í töflunni, ef rúmin, sem aðliggjandi eru, þjóna hvort sínum tilgangi, t. d. af gerðinni (9). Á milli eldhúsa, sem liggja saman, þarf ekki að vera þil, en á milli eldhúss og málningargeymslu, sem liggja saman, skal vera „A—0“ þil.

e) Þil, sem skilja að brúna, kortaklefan og fjarskiptaklefan, mega vera af eldtraustleika „B—0“.

* Þar sem stjarna er í töflunum, skal skilveggurinn vera úr stáli eða jafngildu efni, en þarf ekki að vera samkvæmt „A“ flokki.

c) For clarification as to which applies see Regulations 65 and 66.

d) Where spaces are of the same numerical category and superscript d) appears, a bulkhead or deck of the rating shown in the Tables is only required when the adjacent spaces are for a different purpose, e. g. in category (9). A galley next to a galley does not require a bulkhead but a galley next to a paint room requires an “A-O” bulkhead.

e) Bulkheads separating the wheelhouse, chartroom and radio room from each other may be “B-O” rating.

* Where an asterisk appears in the Tables the division is required to be of steel or equivalent material but is not required to be of “A” Class standard.

skulu hafa varanlega fest blindlok að utan úr stáli eða öðru jafngildu efni.

b) Gler og önnur svipuð efni skal ekki nota í fleti sem afmarka vélarúm. Þetta útilokar ekki notkun vírstyrkts glers í háglugga og rúður í stjórnklefum í vélarúmum.

c) Í háglugga, sem greint er frá í lið a) skal nota vírstyrkt gler.

(5) Á ytri afmarkanir sem skulu vera samkvæmt 1. tl. 64. reglu, úr stáli eða öðru jafngildu efni, má setja glugga og kýraugu, ef ekki er annars staðar í þessum hluta kveðið svo á, að þessar afmarkanir séu í „A“ flokki. Á sama hátt mega dyr, á þeim afmörkunum, sem ekki er krafist að hafi „A“ eldtraustleika vera úr efni, sem stjórnvöld telja fullnægjandi.

Skylights containing glass panels shall be fitted with external shutters of steel or other equivalent material permanently attached;

(b) glass or similar materials shall not be fitted in machinery space boundaries. This does not preclude the use of wire-reinforced glass for skylights and glass in control rooms within the machinery spaces; and

(c) in skylights referred to in sub-paragraph (a) wire-reinforced glass shall be used.

(5) External boundaries which are required by Regulation 64(1) to be of steel or equivalent material may be pierced for the fitting of windows and side scuttles provided that there is no requirement elsewhere in this Part for such boundaries to have “A” Class integrity. Similarly, in such boundaries which are not required to have “A” Class integrity, doors may be of materials to the satisfaction of the Administration.

69. regla

Ýmsir verkhlutar smíðinnar

(1) **Aðferð I F.** Í vistarverum og þjónusturúmum og stjórnstöðvum skal öll klæðning, dragsúgshindranir, loft og undirbyggingar þeirra vera úr eldtraustum efnum.

(2) **Aðferð II F og III F.** Í göngum og umluktum stigagöngum, sem liggja að vistarverum og þjónusturúmum og stjórnstöðvum, skulu öll loft, klæðningar, dragsúgshindranir og undirbyggingar þeirra vera úr eldtraustum efnum.

(3) **Aðferð I F, II F og III F.**

a) Annars staðar en í farmgeymslum og kæliklefum þjónusturúma skulu einangrunarefni vera eldtraust. Rakavarnir og lím, sem notuð eru í sambandi við einangrun, svo og einangrun á búnaði pípulagna kaldra kerfa þurfa ekki að vera úr eldtraustu efni, en magn einangrunarefnisins skal vera eins lítið og mögulegt er, og óvarðir fletir þess skulu hafa eiginleika, sem hindra útbreiðslu elds á fullnægjandi hátt, að mati stjórnvalda. Á þeim stöðum, þangað sem olíur gætu komist, skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt og þola olúgufur.

b) Þar sem eldtraust þil, klæðningar og loft eru höfð í vistarverum og þjónusturúmum mega vera brennanlegar spónaplötur allt að 2,0 millimetrar á þykkt, nema í göngum, stigagöngum og stjórn-

Regulation 69

Details of Construction

(1) *Method IF.* In accommodation and service spaces and control stations all linings, draught stops, ceilings and their associated grounds shall be of non-combustible materials.

(2) *Methods IIF and IIIF.* In corridors and stairway enclosures serving accommodation and service spaces and control stations, ceilings, linings, draught stops and their associated grounds shall be of non-combustible materials.

(3) *Methods IF, IIIF and IIIIF*

(a) Except in cargo spaces or refrigerated compartments of service spaces insulating materials shall be non-combustible. Vapour barriers and adhesives used in conjunction with insulation, as well as the insulation of pipe fittings, for cold service systems need not be of non-combustible material, but they shall be kept to the minimum quantity practicable and their exposed surfaces shall have qualities of resistance to the propagation of flame to the satisfaction of the Administration. In spaces where penetration of oil products is possible, the surface of insulation shall be impervious to oil or oil vapour.

(b) Where non-combustible bulkheads, linings and ceilings are fitted in accommodation and service spaces they may have a combustible veneer not exceeding 2.0 millimetres in thickness

stöðvum, þar skal þykktin ekki vera meiri en 1,5 millimetrar.

c) Holrúmunum, innilokuð bak við loft, þiljur eða klæðningar, skal skipt í sundur með þéttum dragsúgshindrunum á ekki meira en 14 metra millibili. Í lóðréttu átt skulu þessi holrúm, að meðtöldum þeim sem eru bak við klæðningar á stigum, göngum o. s. frv., vera lokuð við hvert þilfar.

70. regla Loftræstikerfi

(1) Liggi göng eða loftrásir í rúm báðum megin við þil eða þilför í „A“ flokki, skulu hafðar lokur, sem hindra útbreiðslu elds og reyks milli rúma. Unnt skal vera að stjórna á handvirknan hátt lokum báðum megin við þil eða þilfar. Þar sem göngin eða loftrásirnar eru með óhindrað þverskurðarflatarmál meira en 0,02 fermetrar og liggja í gegnum þil eða þilför í „A“ flokki, skulu þau hafa sjálfvirknan lokunarþúnað. Göng, sem liggja í rúm, sem eru aðeins öðrum megin við svona þil, skulu vera í samræmi við 2. tl. b).

(2) a) Loftrásir skulu vera úr eldtraustu efni. Hins vegar þurfa stuttar rásir, sem að jafnaði eru ekki yfir 2 m á lengd og með þverskurðarflatarmál ekki stærra en 0,02 m², ekki að vera eldtraustar, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- i) Þessar rásir skulu vera úr efni, sem lítil eldhætta stafar af, að mati stjórnvalda; og
- ii) aðeins má nota þær við enda loftræstikerfisins; og
- iii) þær skulu ekki vera staðsettar minna en 600 mm, mælt langs eftir rásinni, frá opi í skilveggi í „A“ eða „B“ flokki, að meðtöldum samfelldum loftum í „B“ flokki.

b) Þar sem loftrásir með óhindrað þverskurðarflatarmál yfir 0,02 m² ganga gegnum þil eða þilför í „A“ flokki, skal opið vera klætt að innan með hlíf úr blikki, nema ef loftrásirnar, sem ganga gegnum þilin eða þilförin, eru úr stáli í og við gegnumtakið í þilinu eða þilfarinu og uppfylla eftirfarandi ákvæði á þeim hluta rásarinnar:

- i) Í rásum með óhindrað þverskurðarflatarmál yfir 0,02 m², skulu hlífarnar vera a. m. k. 3 mm á þykkt og 900 mm á lengd. Ef farið er gegnum þil, skal eftir því sem aðstæður leyfa, þessi lengd helminguð sitt hvoru megin við þilið. Rásir með óhindrað þverskurðarflatarmál yfir 0,02 m², skulu búnaðar eldeinangrun.

within any such except corridors, stairway enclosures and control stations, where it shall not exceed 1.5 millimetres in thickness.

(c) Air spaces enclosed behind ceilings, panelings or linings shall be divided by close fitting draught stops spaced not more than 14 metres apart. In the vertical direction, such spaces, including those behind linings of stairways, trunks, etc., shall be closed at each deck.

Regulation 70 Ventilation Systems

(1) Where trunks or ducts serve spaces on both sides of “A” Class bulkheads or decks, dampers shall be fitted so as to prevent the spread of fire and smoke between compartments. Manual dampers shall be operable from both sides of the bulkhead or the deck. Where the trunks or ducts with a free cross-sectional area exceeding 0.02 square metres pass through “A” Class bulkheads or decks, automatic self-closing dampers shall be fitted. Trunks serving compartments situated only on one side of such bulkheads shall comply with paragraph (2) (b).

(2) (a) Ventilation ducts shall be of non-combustible material. Short ducts, however, not generally exceeding 2 metres in length and with a cross section not exceeding 0.02 square metres need not be non-combustible, subject to the following conditions:

- (i) these ducts shall be of a material which, to the satisfaction of the Administration, has a low fire risk;
- (ii) they may only be used at the end of the ventilation device; and
- (iii) they shall not be situated less than 600 millimetres, measured along the duct, from an opening in an “A” or “B” Class division including continuous “B” Class ceilings.

(b) Where the ventilation ducts with a free cross-sectional area exceeding 0.02 square metres pass through “A” Class bulkheads or decks, the opening shall be lined with a steel sheet sleeve unless the ducts passing through the bulkheads or decks are of steel in the vicinity of passage through the deck or bulkhead and comply in that portion of the duct with the following:

- (i) for ducts with a free cross-sectional area exceeding 0.02 square metres the sleeves shall have a thickness of at least 3 millimetres and a length of at least 900 millimetres. When passing through bulkheads this length shall preferably be divided evenly on each side of the bulkhead. Ducts

Eldeinangrunin skal a.m.k. vera jafn eldtraust og þilið eða þilfarið, sem rásin fer í gegnum. Heimilt er að ganga frá gegnumtökum á annan jafngildan hátt að mati stjórnvalda; og

ii) loftrásir með óhindrað þverskurðarflatarmál yfir 0,075 m² skulu vera búnar eldhemli til viðbótar við ákvæði liðar b) i). Eldhemillinn skal vera sjálfvirkur, en einnig skal vera unnt að loka honum með handafli báðum megin við þilið eða þilfarið. Eldhemillinn skal búinn vísi, sem sýnir hvort hann er opin eða lokaður. Hins vegar þarf ekki að hafa eldhemla, þar sem loftrásir ganga gegnum rúm, sem eru umlukin skilveggjum í „A“ flokki og opnast ekki í þeim, að því tilskildu, að þessar loftrásir séu jafn eldtraustar og þilin, sem þær ganga í gegnum.

c) Loftrásir fyrir vélarúm af gerðinni A eða eldhús skulu að jafnaði ekki liggja gegnum vistarverur, þjónusturúm eða stjórnstöðvar. Þar sem stjórnvöld heimila þetta fyrirkomulag, skulu rásirnar smíðaðar úr stáli eða jafngildu efni og þannig komið fyrir, að eldtraustleiki skilveggjanna sé óskertur.

d) Loftrásir fyrir vistarverur, þjónusturúm og stjórnstöðvar skulu að jafnaði ekki liggja gegnum vélarúm af gerðinni A eða eldhús. Þar sem stjórnvöld heimila þetta fyrirkomulag, skulu rásirnar smíðaðar úr stáli eða jafngildu efni og þannig komið fyrir, að eldtraustleiki skilveggjanna sé óskertur.

e) Þar sem loftrásir með óhindrað þverskurðarflatarmál yfir 0,02 m² fara gegnum þil í „B“ flokki, skulu opin vera klædd að innan með hlífum úr blikki, sem eru a. m. k. 900 mm á lengd, nema ef loftrásirnar eru úr stáli, af þessari lengd, þar sem þær fara gegnum þilin. Ef farið er gegnum þil í „B“ flokki, skal helst skipta þessari lengd jafnt beggja vegna þilsins.

f) Fyrir stjórnstöðvar utan vélarúmana skulu gerðar allar mögulegar ráðstafanir til þess að tryggja loftræstingu, skyggni og reykleysi, þótt eldur komi upp, svo unnt sé að stjórna vélunum og tækjunum, sem þar eru, og láta þau starfa áfram eðlilega. Annað óháð loftinnblásturskerfi

with a free cross-sectional area exceeding 0.02 square metres shall be provided with fire insulation. The insulation shall have at least the same fire integrity as the bulkhead or deck through which the duct passes. Equivalent penetration protection may be provided to the satisfaction of the Administration; and

(ii) ducts with a free cross-sectional area exceeding 0.075 square metres shall be fitted with fire dampers in addition to the requirements of sub-paragraph (b) (i). The fire damper shall operate automatically but shall also be capable of being closed manually from both sides of the bulkhead or deck. The damper shall be provided with an indicator which shows whether the damper is open or closed. Fire dampers are not required, however, where ducts pass through spaces surrounded by “A” Class divisions, without serving those spaces, provided those ducts have the same fire integrity as the bulkheads which they penetrate.

(c) Ventilation ducts for machinery spaces of Category A or galleys shall not in general pass through accommodation spaces, service spaces or control stations. Where the Administration permits this arrangement, the ducts shall be constructed of steel or equivalent material and so arranged as to preserve the integrity of the divisions.

(d) Ventilation ducts of accommodation spaces, service spaces or control stations shall not in general pass through machinery spaces of Category A or through galleys. Where the Administration permits this arrangement the ducts shall be constructed of steel or equivalent material and so arranged as to preserve the integrity of the divisions.

(e) Where ventilation ducts with a free cross-sectional area exceeding 0.02 square metres pass through “B” Class bulkheads the openings shall be lined with steel sheet sleeves of at least 900 millimetres in length, unless the ducts are of steel for this length in way of the bulkheads. When passing through a “B” Class bulkhead this length shall preferably be divided evenly on each side of the bulkhead.

(f) Such measures as are practicable shall be taken in respect of control stations outside machinery spaces in order to ensure that ventilation, visibility and freedom from smoke are maintained, so that in the event of fire the machinery and equipment contained therein may

skal vera til staðar; loftinntökin tvö skulu þannig staðsett, að sem minnst hættu sé á að þau bæði dragi inn reyk samtímis. Það er háð mati stjórnvalda, hvort þessi ákvæði skuli gilda fyrir stjórnstöðvar, sem staðsettar eru á og opna út að fríu þilfari, eða þar sem lokunarbúnaður á staðnum er til jafns við það.

g) Þar sem loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum liggja í gegnum vistarverur eða rúm, sem hafa að geyma eldfim efni, skulu þær vera úr efni í „A“ flokki. Sérhver loftrás skal búin:

- i) fitugildru, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar;
- ii) eldhemli, staðsettum á neðri enda loftrásarinnar;
- iii) búnaði, sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva útblásturinn; og
- iv) föstu tæki til að slökkva eld í loftrásinni, nema þar sem stjórnvöld telja slíkan búnað óhagkvæman í skipi styttra en 75 m.

(3) Unnt skal vera að loka aðal inn- og úttökum allra loftræstikerfa utan rúmana, sem loftræst eru. Unnt skal vera að stöðva loftblásara vistarvera, þjónusturúma, stjórnstöðva og vélarúma frá aðgengilegum stað utan þess staðar, sem er verið að loftræsa. Þessi staður skal vera þannig, að aðgangur að honum lokast ekki auðveldlega, þó eldur komi upp í rúmunum, sem er verið að loftræsa. Búnaðurinn til að stöðva loftblásara vélarúmana, skal vera algerlega óháður þeim búnaði, sem er til að stöðva loftblásara annarra rúma.

(4) Unnt skal vera að loka, frá öruggum stað, loftræstingöngunum umhverfis skorsteina.

(5) Loftræstikerfi vélarúma skulu vera óháð kerfum annarra rúma.

(6) Loftræstibúnaður fyrir geymslur, sem geyma verulegt magn af mjög eldfimum efnum, skal vera óháður öðrum loftræstikerfum. Loftræstingin skal vera ofarlega og neðarlega og opum fyrir inn- og útstreymi skal komið fyrir á öruggum stöðum og búa neistavörnum.

be supervised and continue to function effectively. Alternative and separate means of air supply shall be provided; air inlets of the two sources of supply shall be so disposed that the risk of both inlets drawing in smoke simultaneously is minimized. At the discretion of the Administration, such requirements need not apply to control stations situated on, and opening on to, an open deck, or where local closing arrangements are equally effective.

(g) Where they pass through accommodation spaces or spaces containing combustible materials, the exhaust ducts from galley ranges shall be constructed of „A“ Class divisions. Each exhaust duct shall be fitted with:

- (i) a grease trap readily removable for cleaning;
- (ii) a fire damper located in the lower end of the duct;
- (iii) arrangements, operable from within the galley, for shutting off the exhaust fan; and
- (iv) fixed means for extinguishing a fire within the duct, except where the Administration considers such fittings impractical in a vessel of less than 75 metres in length.

(3) The main inlets and outlets of all ventilation systems shall be capable of being closed from outside the spaces being ventilated. Power ventilation of accommodation spaces, service spaces, control stations and machinery spaces shall be capable of being stopped from an easily accessible position outside the space being served. This position should not be readily cut off in the event of a fire in the spaces served. The means provided for stopping the power ventilation of the machinery spaces shall be entirely separate from the means provided for stopping ventilation of other spaces.

(4) Means shall be provided for closing, from a safe position, the annular spaces around funnels.

(5) Ventilation systems serving machinery spaces shall be independent of systems serving other spaces.

(6) Store-rooms containing appreciable quantities of highly flammable products shall be provided with ventilation arrangements which are separate from other ventilation systems. Ventilation shall be arranged at high and low levels and the inlets and outlets of ventilators shall be positioned in safe areas and fitted with spark arresters.

71. regla
Hitunarbúnaður

(1) Rafmagnsofnar skulu festir varanlega og þannig gerðir, að sem minnst eldhætta stafi af þeim. Ekki skal nota ofn með hitaflöt, sem er það óvarinn, að kviknað geti í fötum, gluggatjöldum og því um líku, eða þau geti sviðnað af hita frá honum.

(2) Opnir eldar til hitunar skulu ekki leyfðir. Brennsluofna til hitunar og önnur þess konar tæki skal festa örugglega og undir þeim og umhverfis skal vera vörn og einangrun gegn íkeikju og einnig umhverfis reykrör þeirra. Reykrör frá ofnum, sem brenna föstu eldsneyti, skulu þannig hönnuð og lögð, að sem minnst hætta sé á stíflu af völdum brennsluefna og að hreinsun sé auðveld. Trekkspjöld til að draga úr súgi í reykrörum skulu, þegar þau eru lokuð, samt skilja eftir nægjanlega stórt op. Í rúmum, þar sem brennsluofnar eru, skal hafa loftháfa nægjanlega stóra til að sjá brennsluofnunum fyrir nægjanlegu lofti til brennslu. Ekki skal vera unnt að loka þessum loftháfum, og skulu þeir þannig staðsettir, að lokunarbúnaður samkvæmt 20. reglu sé ekki nauðsynlegur.

(3) Gastæki með opnum loga skulu ekki leyfð að undanskildum eldavélum og vatnshiturum. Í rúmum, þar sem slíkar eldavélar og vatnshitara eru, skal vera fullnægjandi örugg ræsting á svælu og hugsanlegum gasleka. Allar pípulagnir úr gasgeymi í eldavél eða vatnshitara skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni. Sjálfvirkur öryggis-gaslokunarbúnaður skal hafður, sem lokar, verði þrýstingsfall í aðalgasleiðslunni, eða ef slokknar logi í einhverju gastækinu.

(4) Þar sem gaseldsneyti er notað í vistarverum, skulu tækin og búnaður þeirra, geymsla, dreifing og notkun eldsneytisins vera fullnægjandi að mati stjórnvalda og í samræmi við 73. reglu.

72. regla
Ýmis ákvæði

(1) Allir óvarðir fletir í göngum og stiga-göngum og fletir, ásamt undirbyggingum, sem eru á huldum eða óaðgengilegum stöðum, í vistarverum og þjónusturúmum og stjórnstöðvum, skulu vera úr eldhindrandi efni. Óvarðir fletir lofta í vistarverum og þjónusturúmum og stjórnstöðvum, skulu vera úr eldhindrandi efni.

Regulation 71
Heating Installations

(1) Electric radiators shall be fixed in position and so constructed as to reduce fire risks to a minimum. No such radiator shall be fitted with an element so exposed that clothing, curtains or other similar materials can be scorched or set on fire by heat from the element.

(2) Heating by means of open fires shall not be permitted. Heating stoves and other similar appliances shall be firmly secured and adequate protection and insulation against fire shall be provided beneath and around such appliances and in way of their uptakes. Uptakes of stoves which burn solid fuel shall be so arranged and designed as to minimize the possibility of becoming blocked by combustion products and shall have a ready means for cleaning. Dampers for limiting draughts in uptakes shall, when in the closed position, still leave an adequate area open. Spaces in which stoves are installed shall be provided with ventilators of sufficient area to provide adequate combustion-air for the stove. Such ventilators shall have no means of closure and their position shall be such that closing appliances in accordance with Regulation 20 are not required.

(3) Open flame gas appliances, except cooking stoves and water heaters, shall not be permitted. Spaces containing any such stoves or water heaters shall have adequate ventilation to remove fumes and possible gas leakage to a safe place. All pipes conveying gas from container to stove or water heater shall be of steel or other approved material. Automatic safety gas shut-off devices shall be fitted to operate on loss of pressure in the gas main pipe or flame failure on any appliance.

(4) Where gaseous fuel is used for domestic purposes, the arrangements, storage, distribution and use of the fuel shall be to the satisfaction of the Administration and in accordance with Regulation 73.

Regulation 72
Miscellaneous Items

(1) All exposed surfaces in corridors and stairway enclosures and surfaces including grounds in concealed or inaccessible spaces in accommodation and service spaces and control stations shall have low flame-spread characteristics. Exposed surfaces of ceilings in accommodation and service spaces and control stations shall have low flame-spread characteristics.

(2) Málning, lökk og önnur málningarefni notuð á óvarða innanhússfleti skulu ekki geta myndað óhóflega mikinn reyk eða eitraðar lofttegundir eða gufur. Stjórnvöld skulu sannfærð um, að efni valdi ekki í edli sínu óvenjumikilli brunahættu.

(3) Grunnlög gólfa (þilfara) í vistarverum þjónusturúmum og stjórnstöðvum skulu vera úr viðurkenndum efnum, sem ekki kviknar auðveldlega í, né mynda eiturgas eða orsaka sprengihættu við hátt hitastig.

(4) Ef farið er gegnum skilrúm í „A“ eða „B“ flokki með rafmagnskapla, rörlagnir, stokka, loftrásir o. s. frv., eða settar eru upp loftræstiraufar, ljós og annað slíkt, þá skulu þessir hlutir gerðir þannig, að eldtraustleiki skilrúmana minnki ekki við þetta.

(5) a) Í vistarverum, þjónusturúmum og stjórnstöðvum skulu rör, sem fara gegnum skilrúm í „A“ eða „B“ flokki, vera úr viðurkenndum efnum með tilliti til þess hita, sem krafist er að viðkomandi skilrúm standist. Ef stjórnvöld heimila að lagnir, sem flytja olíur og aðra eldfima vökva, séu lagðar um vistarverur og þjónusturúm, skulu rörin, sem flytja olíur eða eldfima vökva, vera úr viðurkenndu efni með tilliti til brunahættunnar.

b) Efni, sem auðveldlega verða ónothæf við hita, skulu ekki notuð í síðuloka, frárennsli hreinlætistækja og önnur frárennsli, sem eru nálægt sjólinu, og þar sem eyðilegging efnisins, ef bruni yrði, gæti aukið hættu á flæði.

(6) Ekki skal nota sellulósanítratfilmur í kvikmyndasýningabúnað.

(7) Öll sorpílát, önnur en þau, sem notuð eru við fiskvinnslu, skulu vera úr eldtraustum efnum, og engin op skulu vera í hliðum þeirra eða botni.

(8) Vélbúnaður, sem knýr brennsluolíudælur, dælusamstæður fyrir brennsluolíu og aðrar samþærigar brennsluolíudælur, skal vera með fjarstýribúnað utan viðkomandi rúms, þannig að unnt sé að stöðva þær, ef eldur kemur upp í því rúmi, sem þær eru í.

(9) Þar sem þörf er á, skal hafa lekabakka til að hindra, að olía leki niður í austurinn.

(10) Í fiskigeymslum skal hlífa eldfimri einangrun með þéttri klæðingu.

(2) Paints, varnishes and other finishes used on exposed interior surfaces shall not be capable of producing excessive quantities of smoke or toxic gases or vapours. The Administration shall be satisfied that they are not of a nature to offer an undue fire hazard.

(3) Primary deck coverings within accommodation and service spaces and control stations, shall be of approved material which will not readily ignite or give rise to toxic or explosive hazards at elevated temperatures.

(4) Where “A” or “B” Class divisions are penetrated for the passage of electrical cables, pipes, trunks, ducts, etc., or for the fitting of ventilation terminals, lighting fixtures and similar devices, arrangements shall be made to ensure that the fire integrity of the divisions is not impaired.

(5) (a) In accommodation and service spaces and control stations, pipes penetrating “A” or “B” Class divisions shall be of approved materials having regard to the temperature such divisions are required to withstand. Where the Administration permits the conveying of oil and combustible oil or combustible liquids through accommodation and service spaces, the pipes conveying oil or combustible liquids shall be of an approved material having regard to the fire risk.

(b) Materials readily rendered ineffective by heat shall not be used for overboard scuppers, sanitary discharges, and other outlets which are close to the waterline and where the failure of the material in the event of fire would give rise to danger of flooding.

(6) Cellulose-nitrate-based film shall not be used in cinematograph installations.

(7) All waste receptacles other than those used in fish processing shall be constructed of non-combustible materials with no openings in the sides or bottom.

(8) Machinery driving fuel oil transfer pumps, fuel oil unit pumps and other similar fuel pumps shall be fitted with remote controls situated outside the space concerned so that they can be stopped in the event of a fire arising in the space in which they are located.

(9) Drip trays shall be fitted where necessary to prevent oil leaking into bilges.

(10) Within compartments used for stowage of fish, combustible insulation shall be protected by close-fitting cladding.

73. regla

Geymsla á gaskútum og hættulegum efnum

(1) Kútar fyrir samanpressað, fljótandi eða uppleyst gas skulu greinilega merktir með ákveðnum greiningarlitum, hafa auðlæsilega áletrað nafn og efnafræðilega samsetningu innihaldsins og vera vel lokaðir.

(2) Kútar, sem í er eldfimt eða annað hættulegt gas, svo og tómir kútar, skulu geymdir vel lokaðir á opnu þilfari. Allir lokar, þrýstingsjafnarar og leiðslur frá slíkum kútum skulu varðar gegn skemmdum. Verja skal kúta gegn óhóflegum hitasveiflum, sólargeislum og snjófargi. Stjórnvöld geta hins vegar heimilað að geyma slíka kúta í rúmum, sem fullnægja ákvæðum 3. til 5. tl.

(3) Rúm, þar sem geymdir eru mjög eldfimir vökvar, svo sem rokgjarnar málningartegundir, paraffín, bensól o. s. frv., og þar sem fljótandi gas er leyft, skulu aðeins opnast út á opið þilfar. Búnaður til þrýstingsjöfnunar og öryggislokur skulu blása út inni í rúminu. Þar sem skilrúm þessara rúma afmarka önnur umlukin rúm, skulu þau vera loftþétt.

(4) Raflagnir og rafbúnaður skal ekki leyfður í rúmum, sem eru geymslur fyrir mjög eldfima vökva eða fljótandi gas, nema að því marki, sem nauðsynlegt er fyrir vinnu innan þeirra. Þar sem slíkur rafbúnaður er, skal hann vera viðurkenndur af stjórnvöldum til notkunar í eldfimu andrúmslofti. Hitagjöfum skal haldið frá þessum rúmum og setja skal upp skilti á áberandi stað með „Reykingar bannaðar“ og „Óvarin ljós bönnuð“.

(5) Hafa skal sérgeymslu fyrir hverja tegund af samanpressuðu gasi. Í rúmum, sem höfð eru sem geymslur fyrir slíkt gas, skulu hvorki geymd önnur eldfim efni, né verkfæri eða hlutir, sem ekki tilheyra gasdreifikerfinu. Stjórnvöld geta þó létt á þessum ákvæðum með tilliti til eiginleika, rúmmáls og ætlaðrar notkunar á þessu samanpressaða gasi.

Regulation 73

Storage of Gas Cylinders and Dangerous Materials

(1) Cylinders for compressed, liquefied or dissolved gases shall be clearly marked by means of prescribed identifying colours, have a clearly legible identification of the name and chemical formula of their contents and be properly secured.

(2) Cylinders containing flammable or other dangerous gases and expended cylinders shall be stored, properly secured, on open decks and all valves, pressure regulators and pipes leading from such cylinders shall be protected against damage. Cylinders shall be protected against excessive variations in temperature, direct rays of the sun, and accumulation of snow. However, the Administration may permit such cylinders to be stored in compartments complying with the requirements of paragraphs (3) to (5).

(3) Spaces containing highly flammable liquids, such as volatile paints, paraffin, benzole, etc., and where permitted, liquefied gas, shall have direct access from open decks only. Pressure-adjusting devices and relief valves shall exhaust within the compartment. Where boundary bulkheads of such compartments adjoin other enclosed spaces they shall be gastight.

(4) Except as necessary for service within the space, electrical wiring and fittings shall not be permitted within compartments used for the storage of highly flammable liquids or liquefied gases. Where such electrical fittings are installed, they shall be to the satisfaction of the Administration for use in a flammable atmosphere. Sources of heat shall be kept clear of such spaces and “No Smoking” and “No Naked Light” notices shall be displayed in a prominent position.

(5) Separate storage shall be provided for each type of compressed gas. Compartments used for the storage of such gases shall not be used for storage of other combustible products nor for tools or objects not part of the gas distribution system. However, the Administration may relax these requirements considering the characteristics, volume and intended use of such compressed gases.

74. regla
Neyðarútgangar

(1) Tröppum og stigum að og frá öllum vistarverum og rúmum, þar sem áhöfnin er venjulega við vinnu, öðrum en vélarúmum, skal þannig komið fyrir, að greiður neyðarútgangur sé út á opið þilfar og þaðan til björgunarfaranna. Eftirfarandi á sérstaklega við þessi rúm:

a) Á öllum hæðum (þilförum), þar sem vistarverur eru, skulu vera minnst tveir vel aðskildir neyðarútgangar, og má þar með talin vera venjulega útgönguleiðin úr hverju afmörkuðu rúmi eða fleiri rúmum.

b) i) Neðan veðurþilfarsins skal aðalneyðarútgangurinn vera stigi, og hinn neyðarútgangurinn má vera gangur eða tröppur, og

ii) Ofan veðurþilfarsins skal neyðarútgangurinn vera stigar eða dyr út á opið þilfar eða sambland beggja.

c) Í undantekningartilvikum geta stjórnvöld heimilað aðeins einn neyðarútgang, enda sé fullt tillit tekið til edlis og staðsetningar rúmana og þess fjölda manna, sem venjulega eiga þar vistarverur sínar eða eru þar við vinnu.

d) Gangur, eða hluti gangs, þaðan sem aðeins einn neyðarútgangur er, skal ekki vera lengri en 7 m.

e) Breidd og samfelldni neyðarútgangs skal vera fullnægjandi, að mati stjórnvalda.

f) Tveir neyðarútgangar skulu vera frá fjar-skiptaklefa, sem ekki hefur beinan aðgang út á opið þilfar, og skulu þeir vera fullnægjandi, að mati stjórnvalda.

(2) Tveir neyðarútgangar skulu vera úr hverju vélarúmi af gerðinni A, á annan hvorn eftirfarandi máta:

a) Tveir stálstigar, staðsettir eins langt hvor frá öðrum og unnt er, og liggja að álíka aðskildum dyrum í efri hluta rúmsins, en frá þeim skal vera aðgangur út á opið þilfar. Venjulega skal annar þessara stiga hafa samfellda hlíf gegn eldi, úr neðri hluta rúmsins að öruggum stað utan þess. Stjórnvöld þurfa hins vegar ekki að krefjast þessarar hlífar, ef vegna fyrirkomulags eða stærðar vélarúmsins er öruggur neyðarútgangur úr neðri hluta þess. Þessi hlíf skal vera úr stáli og einangruð, þar sem nauðsynlegt er, þannig að fullnægjandi sé að mati stjórnvalda, og skal sjálflokandi stálhurð vera á neðri enda hennar.

Regulation 74
Means of Escape

(1) Stairways and ladders leading to and from all accommodation spaces and in spaces in which the crew is normally employed, other than machinery spaces, shall be so arranged as to provide ready means of escape to the open deck and thence to the survival craft. In particular in relation to these spaces:

(a) At all levels of accommodation at least two widely separated means of escape shall be provided which may include the normal means of access from each restricted space or group of spaces;

(b) (i) below the weatherdeck the main means of escape shall be a stairway and the second escape may be a trunk or a stairway; and

(ii) above the weatherdeck the means of escape shall be stairways or doors to an open deck or a combination thereof;

(c) exceptionally the Administration may permit only one means of escape, due regard being paid to the nature and location of spaces and to the number of persons who normally might be accommodated or employed there;

(d) a corridor or part of a corridor from which there is only one route of escape, shall not exceed 7 metres in length;

(e) the width and continuity of the means of escape shall be to the satisfaction of the Administration; and

(f) two means of escape from a radiotelegraph station which has no direct access to the open deck shall be provided and these shall be to the satisfaction of the Administration.

(2) Two means of escape shall be provided from every machinery space of Category A by one of the following means:

(a) two sets of steel ladders as widely separated as possible leading to doors in the upper part of the space similarly separated and from which access is provided to the open deck. In general, one of these ladders shall provide continuous fire shelter from the lower part of the space to a safe position outside the space. However, the Administration may not require such shelter if, due to special arrangements or dimensions of the machinery space, a safe escape route from the lower part of this space is provided. This shelter shall be of steel, insulated, where necessary, to the satisfaction of the Administration and be provided with a self-closing steel door at the lower end; or

b) Einn stálstigi, sem liggur að dyrum í efri hluta rúmsins, þaðan sem aðgangur er út á opið þilfar, og að auki skulu vera í neðri hluta rúmsins dyr með stálhurð, á stað, sem er vel frá þessum fyrrnefnda stiga, og unnt er að opna og loka báðum megin frá, og veitir aðgang að öruggum neyðarútgangi úr neðri hluta rúmsins út á opið þilfar.

(3) Úr vélarúmum, öðrum en þeim, sem eru af gerðinni A, skulu hafðir fullnægjandi neyðarútgangar, að mati stjórnvalda, með hliðsjón af eðli og staðsetningu hvers rúms og þess, hvort menn séu þar að jafnaði við vinnu.

(4) Lyftur skulu ekki taldar uppfylla kröfur um neyðarútganga.

75. regla

Sjálfvirkt ýringar-, eldviðvörunar- og eldskynjunarkerfi

(Aðferð II F)

(1) Í skipum, þar sem aðferð II F er viðhöfð, skal haft sjálfvirkt ýringar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, sem fullnægir ákvæðum þessarar reglu, og skal því þannig komið fyrir, að það gæti vistarvera og þjónusturúma að undanskildum rúmum, þar sem engin veruleg eldhætta er, svo sem auð rúm og snyrtiklefar.

(2) a) Kerfið skal ávallt vera samstundis not hæft og ekki skal þurfa aðgerðir áhafnarinnar til að setja það í gang. Lagnirnar skulu eftir föngum vera fullar af vatni, en stuttir, óvardir hlutar þeirra mega vera tómir, þar sem það er nauðsynleg varúðarráðstöfun, að mati stjórnvalda. Sérhvern hluta kerfis, sem verður fyrir frosti, þegar það er í notkun, skal verja á viðeigandi hátt gegn því að í honum frjósi. Stöðugt skal halda nauðsynlegum þrýstingi á því og hafa möguleika á stöðugu vatnsaðrennsli til þess, eins og krafist er í 6. tl. b).

b) Hver ýringareining skal sjálfvirkt gefa ljós- og hljóðviðvörðun á einum eða fleiri viðvörðunarstöðvum, hvenær sem ýringarhaus tekur til starfa. Þessar viðvörðunarstöðvar skulu sýna hvar hjá kerfinu eldur hefur kviknað, og skulu þær vera samtengdar í miðstöð í brúnni, og að auki skulu ljós- og hljóðviðvaranir gefnar á fleiri stöðum en í brúnni, þannig að tryggt sé, að áhöfnin fái strax boðun um, að eldur hafi kviknað. Viðvörðunarkerfið skal þannig gert, að það sýni, ef bilun verður í því.

(b) one steel ladder leading to a door in the upper part of the space from which access is provided to the open deck and additionally, in the lower part of the space and in a position well separated from the ladder referred to, a steel door capable of being operated from each side and which provides access to a safe escape route from the lower part of the space to the open deck.

(3) From machinery spaces other than those of Category A, escape routes shall be provided to the satisfaction of the Administration having regard to the nature and location of the space and whether persons are normally employed in that space.

(4) Lifts shall not be considered as forming one of the required means of escape.

Regulation 75

Automatic Sprinkler and Fire Alarm and Fire Detection Systems

(Method IIF)

(1) In vessels in which Method IIF is adopted an automatic sprinkler and fire alarm system of an approved type and complying with the requirements of this Regulation shall be installed and so arranged as to protect accommodation spaces and service spaces except spaces which afford no substantial fire risks, such as void spaces and sanitary spaces.

(2) (a) The system shall be capable of immediate operation at all times and no action by the crew shall be necessary to set it in operation. It shall be of the wet pipe type but small exposed sections may be of the dry pipe type where in the opinion of the Administration this is a necessary precaution. Any parts of the system which may be subjected to freezing temperatures in service shall be suitably protected against freezing. It shall be kept charged at the necessary pressure and shall have provision for a continuous supply of water as required in paragraph 6(b).

(b) Each section of sprinklers shall include means for giving a visible and audible alarm signal automatically at one or more indicating units whenever any sprinkler comes into operation. Such units shall indicate in which section served by the system, fire has occurred and shall be centralized in the wheelhouse and in addition, visible and audible alarms from the unit shall be placed in a position other than in the wheelhouse, so as to ensure that the indication of fire is immediately received by the crew. Such an alarm system shall be so constructed as to indicate if any fault occurs in the system.

(3) a) Ýringarkerfi skal skipt niður í aðskildar einingar, sem hver um sig skal ekki hafa fleiri en 200 ýringahausa.

b) Sérhverri ýringareiningu skal vera unnt að loka með aðeins einum loka. Loki hverrar einingar skal vera vel aðgengilegur og staðsetning hans skal vera greinileg og varanlega merkt. Ráðstafanir skulu gerðar, svo óviðkomandi aðili geti ekki beitt lokunum.

c) Mæli, sem sýnir þrýstinginn á kerfinu, skal komið fyrir við stöðvunarloka hverrar einingar og í aðalstöð.

d) Ýringarhausar skulu ekki tærast. Í vistarverum og þjónusturúmum skal ýringarkerfið taka til starfa við hita á bilinu 68°—79°C, nema ef um er að ræða staði eins og þurrklefa, þar sem búast má við háu hitastigi, þar er heimilt að hækka hitann um allt að 30°C yfir hámarkshitastig við loftþiljur viðkomandi staðar.

e) Skrá eða teikning skal vera til sýnis við hverja viðvörunarstöð, sem sýnir þá staði, sem viðkomandi eining í ýringarkerfinu nær til og hvar í kerfinu hún er staðsett. Nauðsynlegar leiðbeiningar um prófanir og viðhald á kerfinu skulu vera til staðar.

(4) Staðsetja skal ýringarhousa ofar mannhæðar og raða þeim þannig, að meðal útstreymi frá þeim sé ekki undir 5 lítrum á fermetra á mínútu yfir svæðið, sem ýringarhausunum er ætlað að úða yfir. Hins vegar geta stjórnvöld heimilað not af ýringarhausum, sem gefa annað vatnsmagn og dreifingu, ef notagildi og öryggi er ekki skert.

(5) a) Hafður skal þrýstigeymir, sem rúmar a. m. k. tvöfalt það vatnsmagn, sem greint er frá í þessum lið. Geymirinn skal stöðugt hafa magn af fersku vatni, til jafns við það vatnsmagn, sem streymir út á einni mínútu með dælunni, sem greint er frá í 6. tl. b), og fyrirkomulagið skal vera þannig, að hægt sé að viðhalda þeim loftþrýstingi í geyminum, sem tryggir, að þegar ferskvatnsmagnið í geyminum hefir verið notað, þá sé þrýstingurinn ekki undir vinnuþrýstingi ýringarkerfisins, að viðbættum þeim þrýstingi, sem vatnssúla frá botni geymisins að hæst staðsetta ýringarhausnum veldur. Viðeigandi búnaður skal

(3) (a) Sprinklers shall be grouped into separate sections, each of which shall contain not more than 200 sprinklers.

(b) Each section of sprinklers shall be capable of being isolated by one stop valve only. The stop valve in each section shall be readily accessible and its location shall be clearly and permanently indicated. Means shall be provided to prevent the operation of the stop valves by any unauthorized person.

(c) A gauge indicating the pressure in the system shall be provided at each section stop valve and at a central station.

(d) The sprinklers shall be resistant to corrosion. In accommodation and service spaces the sprinklers shall come into operation within the temperature range of 68 degrees celsius and 79 degrees celsius, except that in location such as drying rooms, where high ambient temperatures might be expected, the operating temperature may be increased by not more than 30 degrees celsius above the maximum deckhead temperature.

(e) A list or plan shall be displayed at each indicating unit showing the spaces covered and the location of the zone in respect of each section. Suitable instructions for testing and maintenance shall be available.

(4) Sprinklers shall be placed in an overhead position and spaced in a suitable pattern to maintain an average application rate of not less than 5 litres per square metre per minute over the nominal area covered by the sprinklers. Alternatively, the Administration may permit the use of sprinklers providing such quantity of water suitably distributed as has been shown to the satisfaction of the Administration to be not less effective.

(5) (a) A pressure tank having a volume equal to at least twice that of the charge of water specified in this sub-paragraph shall be provided. The tank shall contain a standing charge of fresh water, equivalent to the amount of water which would be discharged in one minute by the pump referred to in paragraph (6)(b), and the arrangements shall provide for maintaining such air pressure in the tanks as to ensure that, where the standing charge of fresh water in the tank has been used, the pressure will be not less than the working pressure of the sprinkler, plus the pressure due to a head of water measured from the

hafður til að bæta við þrýstilofti og ferskvatni í geyminn. Haft skal sjóngler, sem sýnir rétta vatnshæð í geyminum.

b) Gera skal ráðstafanir, sem útiloka að sjór komist í geyminn.

(6) a) Hafa skal sjálfstæða, vélknúna dælu, sem aðeins hefur það hlutverk að sjá sjálfvirkt um, að stöðugt útstreymi geti verið úr ýringarhausunum. Dælan á sjálfvirkt að fara í gang við minnkun á þrýstingi í kerfinu, áður en öllu ferskvatnsmagninu í þrýstigeyminum hefur verið eytt.

b) Dælan og röralagnir skulu vera þannig, að unnt sé að viðhalda nauðsynlegum þrýstingi í þeirri hæð, þar sem hæsti ýringarhausinn er, til þess að tryggja stöðugt útstreymi vatns, hæfilega mikið til að þekja samtímis stærsta flöt, sem aðgreindur er með eldvarnarþiljum í „A“ og „B“ flokki, eða flöt, sem er 280 m², eftir því hvor er minni, miðað við veitt vatnsmagn á fermetra, sem tilgreint er í 4. tl.

c) Hafa skal prófunarloka með stutt opið frárennislör á þrýstihlið dælnnar. Virkt þvermál í loka og röri skal vera nægilegt til að leyfa útstreymi með fullum afköstum dælnnar um leið og þeim þrýstingi, sem tilgreindur er í 5. tl. a), er viðhaldið í kerfinu.

d) Þar sem mögulegt er, skal sjóinntak dælnnar vera í því rúmi, þar sem dælan er, og þannig búið, að þegar skipið er á floti sé óþarfi að loka fyrir sjólögnina til dælnnar vegna annars en skoðunar eða viðgerðar á henni.

(7) Ýringardæluna og geyminn skal staðsetja í hæfilegri fjarlægð frá vélarúmi af gerðinni A og ekki í rúmi, sem nauðsyn er að verja með ýringarkerfinu.

(8) a) Ekki færri en tveir orkugjafar skulu vera við sjódæluna og sjálfvirka eldviðvörðun- og eldskynjunarkerfið. Ef dælan er rafknúin, skal hún vera tengd við aðalraforkukerfið, sem á að geta fengið orku frá minnst tveimur rafólum.

b) Ekki skal leggja aðveitulagnir í gegnum eldhús, vélarúm og önnur umlukin rúm, þar sem mikil eldhætta er, nema af nauðsyn til að komast að viðeigandi skiptitöflu. Annar orkugjafanna fyrir eldviðvörðun- og eldskynjunarkerfið, skal

system. Suitable means of replenishing the air under pressure and of replenishing the fresh water charge in the tank shall be provided. A glass gauge shall be provided to indicate the correct level of the water in the tank.

(b) Means shall be provided to prevent the passage of sea-water into the tank.

(6) (a) An independent power pump shall be provided solely for the purpose of continuing automatically the discharge of water from the sprinklers. The pump shall be brought into action automatically by the pressure drop in the system before the standing fresh water charge in the pressure tank is completely exhausted.

